

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 808/2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirtaldar ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 frá 13. ágúst 2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á tilteknu fóðri og matvælum frá tilteknum þriðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1152/2009.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/24 frá 8. janúar 2016 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum frá Brasilíu, *Capsicum annuum* og múskati frá Indlandi og múskati frá Indónesíu og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 669/2009 og (ESB) nr. 884/2014.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/24 er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. apríl 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERD FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/24**

frá 8. janúar 2016

um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á jarðhnetum frá Brasilíu, *Capsicum annuum* og múskati frá Indlandi og múskati frá Indónesiú og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 669/2009 og (ESB) nr. 884/2014

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu vört, einkum 5. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 er kveðið á um aukið, opinbert eftirlit með innflutningi á tilteknu föðri og matvælum sem eru ekki úr dýraríkinu sem eru skráð í I. viðauka við þá reglugerð. Jarðhnetur frá Brasilíu og *Capsicum annuum* og múskat frá Indlandi hafa þegar fallið undir sílt aukið, opinbert eftirlit frá janúar 2010 að því er varðar aflatoxín í þeim. Frá júlí 2012 hefur múskat frá Indónesiú einnig fallið undir aukið, opinbert eftirlit að því er varðar aflatoxín.
- (2) Niðurstöður úr opinberu eftirliti, sem aðildarríkin önnuðust samkvæmt reglugerð (EB) nr. 669/2009, með þessum vörum sýndu áframhaldandi hátt hlutfall tíðni tilvika þar sem ekki er farið að hámarksgildum fyrir aflatoxín. Þessar niðurstöður gefa skýrar vísbendingar um að innflutningur á þessum matvælum og föðri veldur áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra. Ekki var hægt að greina framfarir að því er varðar ástandið eftir nokkra ára tímabil með aukinni tíðni eftirlits við landamæri Sambandsins.
- (3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 884/2014 eru sett sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tilteknu föðri og matvælum frá tilteknunum þríðju löndum vegna mengunaráhættu af völdum aflatoxína.
- (4) Til að vernda heilbrigði manna og dýra í Sambandinu er nauðsynlegt að kveða á um viðbótarábyrgðir í tengslum við þessi matvæli og föður frá Brasilíu, Indlandi og Indónesiú. Öllum vörusendingum af jarðhnetum frá Brasilíu, *Capsicum annuum* frá Indlandi og múskati frá Indlandi og Indónesiú ætti að fylgia heilbrigðisvottorð þar sem staðfest er að sýnataka og greining á afurðunum hafi farið fram til að athuga hvort í þeim finnist aflatoxín og að þær séu í samræmi við löggjöf Sambandsins. Festa ætti niðurstöður út greiningarprófunum við heilbrigðisvottorðið.
- (5) Auk undanþágu fyrir vörusendingar sem eru ætlaðar einstaklingi til einkaneyslu og notkunar er einnig rétt að undanskilja mjög litlar vörusendingar af tilteknun föðri og matvælum, þ.e. ekki yfir 20 kg, sem eru t.d. notuð fyrir sölusýningar eða sem vörusnínhorn. Krafan um heilbrigðisvottorð með greiningarniðurstöðu fyrir súlikar vörusendingar er ekki í réttu hlutfalli við þá óverulegu áhættu fyrir lýðheilsu sem stafar af slíkum vörusendingum.
- (6) Yfirvöld í Tyrklandi og Íran hafa upplýst framkvæmdastjórnina um breytingu á lögbæru yfirvaldi viðurkennds fulltrúa sem hefur rétt að undirrita heilbrigðisvottorðið. Brasilíkska yfirvaldið er einnig lögbært að því er varðar föður. Því skal innleiða þessar breytingar til samræmis við það.
- (7) Í því skyni að draga úr ónaðsynlegri stjórnsýslubyrði er rétt að kveða á um að ef um er að ræða vörusendingu þar sem umbúðir innihalda nokkrar smáar pakknings/einingar er ekki nauðsynlegt að kenninúmer vörusendingarinnar komi fram á hverri pakkningu í vörusendingunum heldur er nóg að það komi fram á umbúðunum sem innihalda þessar smáar pakknings/einingar.
- (8) Vegna þeirra vandamála sem hafa komið upp er rétt að taka fram að fylla þarf út færslurnar í samræmda innflutningsskjalinu, í tengslum við fullnægjandi skjalaskoðun, áður en flutningur vörusendingar á tilnefndan innflutningsstað er leyfður.
- (9) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 669/2009 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 884/2014 til samræmis við það.
- (10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMPYKKT REGLUGERÐ PESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 884/2014 er breytt sem hér segir:

- (1) Eftirfarandi i-, j- og k-liðir bætast við 1. mgr. 1. gr.:

- „(i) jarðhnetur í skurn eða skurnlausar, hnetusmjör, jarðhnetur sem eru unnar eða rotvarðar á annan hátt (fóður og matvæli) sem eru upprunnin í Brasilíu eða send þaðan;
- (j) *Capsicum* sp. og múskat sem eru upprunnin á Indlandi eða send þaðan;
- (k) múskat sem er upprunnið í Indónesíu eða sent þaðan.“
- (2) Eftirfarandi málslíður bætist við 3. mgr. 1. gr.:
- „Þessi reglugerð skal heldur ekki gilda um vörusendingar af fóðri og matvælum af heildarþyngd sem fer ekki yfir 20 kg.“
- (3) Í stað a-liðar 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
- „(a) ráðuneyti landbúnaðar, búfénaðar og fæðuframboðs (Ministério da Agricultura, Pecuária e Abastecimento (MAPA)), fyrir fóður og matvæli frá Brasilíu.“
- (4) Í stað d- og e-liðar 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:
- „(d) ráðuneyti heilbrigðismála og læknismenntunar, fyrir matvæli frá Íran;
- (e) aðalskrifstofa sem sér um matvæli og eftirlit í ráðuneyti matvæla, landbúnaðar og búfénaðar í Lýðveldinu Tyrklandi, fyrir matvæli frá Tyrklandi.“
- (5) Í 2. mgr. 5. gr. bætist i-liður við:
- „(i) landbúnaðarráðuneyti, fyrir matvæli frá Indónesíu.“
- (6) Eftirfarandi málslíður bætist við 6. grein:
- „Ef um er að ræða vörusendingu þar sem umbúðir innihalda nokkrar smáar pakkningar/einingar er nóg að kenninúmer vörusendingarinnar komi fram á umbúðunum sem innihalda þessar smáu pakkningar/einingar.“
- (7) Í stað fyrsta málslíðar í 4. mgr. 9. gr. komi eftirfarandi:
- „Lögbært yfirvald á tilnefndum komustað skal leyfa flutning vörusendingarinnar á tilnefndan innflutningsstað eftir að eftirlitið, sem um getur í 2. mgr., hefur verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og viðkomandi færslur í II. hluta samræmda innflutnings-skjalsins (II.3, II.5, II.8 og II.9) hafa verið fylltar út.“
- (8) Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 884/2014 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Heimilt er að flytja vörusendingar af fóðri og matvælum, sem um getur í i-, j- og k-lið 1. mgr. 1. gr., sem fóru frá upprunalandinu áður en reglugerð þessi tók gildi, inn til ESB-ríkja án þess að heilbrigðisvottorð eða niðurstöður úr sýnatöku og greiningu fylgi með.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Brussel, 8. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

Jean-Claude JUNCKER

I. VIDAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 669/2009 er breytt sem hér segir:

(1) Eftirfarandi færslur falli brott:

“

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ⁽¹⁾	TARIC undir- skipting	Upprunaland eða sendingarland	Tíðni skoðana á á ástandi og sanaprófunar auðkenna (%) við innflutning
„- Jarðnetur, í skurn - Jarðnetur, skurnlausar - Hnetusmjör - Jarðnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt <i>(Fóður og matvæli)</i>	- 1202 41 00 - 1202 42 00 - 2008 11 10 - 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Brasilia (BR)	10
- Capsicum annuum, heil - Capsicum annuum, mulin eða möluð - Þurruð aldin af ættkvíslinni Capsicum, heil, önnur en paprika (<i>Capsicum annuum</i>) - Múskat (<i>Myristica fragrans</i>) <i>(Matvæli – þurrkað krydd)</i>	- 0904 21 10 - úr 0904 22 00 - 0904 21 90 - 0908 11 00; 0908 12 00	10	Indand (IN)	20
- Múskat (<i>Myristica fragrans</i>) <i>(Matvæli – þurrkað krydd)“</i>	- 0908 11 00; 0908 12 00		Indónesía (ID)	20

“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 884/2014 er breytt sem hér segir:

- (1) Í síðustu færslunni kemur „Vatnsmelónufræ (Egusi, *Citrullus* spp.) og afleiddar afurðir“ í stað „Vatnsmelónufræ (Egusi, *Citrullus lanatus*) og afleiddar afurðir“.
- (2) Eftirfarandi færslur bætast við:

“

Fóður og matvæli (fyrirhuguð notkun)	SN-númer ¹⁾	TARIC undir- skipting	Upprunaland eða sendingarland	Tiðni skoðana á ástandi og sannprófunar auðkenna (%) við innflutning
„- Jarðnetur, í skurn - Jarðnetur, skurnlausar - Hnetursmjör - Jarðnetur, unnar eða rotvarðar á annan hátt	- 1202 41 00 - 1202 42 00 - 2008 11 10 - 2008 11 91; 2008 11 96; 2008 11 98		Brasilia (BR)	10
<i>(Fóður og matvæli)</i>				
- <i>Capsicum annuum</i> , heil - <i>Capsicum annuum</i> , mulin eða möluð - Þurrkuð aldin af ættkvíslinni <i>Capsicum</i> , heil, önnur en paprika (<i>Capsicum annuum</i>) - Múskat (<i>Myristica fragrans</i>)	- 0904 21 10 - úr 0904 22 00 - 0904 21 90 - 0908 11 00; 0908 12 00	10	Índland (IN)	20
<i>(Matvæli – þurrkað krydd)</i>				
- Múskat (<i>Myristica fragrans</i>)	- 0908 11 00; 0908 12 00		Indónesía (ID)	20
<i>(Matvæli – þurrkað krydd)“</i>				

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2016